

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um fjármögnun undirbúnings og framkvæmda við Reykjanesbraut.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson, Geir Gunnarsson, Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að á árinu 1980 verði af fé til verkfræðilegs undirbúnings á vegáætlun veitt framlag til slíks undirbúnings við Reykjanesbraut og við endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 1981 verði stefnt að fjárveitingu til framkvæmda við Reykjanesbraut: Reykjavík—Hafnarfjörður.

Greinargerð.

Að undanfögnu hefur verið unnið að tillögugerð varðandi lagningu Hafnarfjarðarvegur um Garðabæ og Reykjanesbrautar frá Reykjavík til Hafnarfjarðar.

Hafnarfjarðarvegur er langfjölfarnasti þjóðvegur landsins með um 20 þús. bíla umferð á dag allt árið um kring. Þá er og slysafjöldinn þar með því mesta sem gerist, hvort heldur er tölulega eða hlutfallslega.

Það er því brýn nauðsyn að hafist sé handa um undirbúning að lagningu Reykjanesbrautar til að létta umferðinni eftir því sem hægt er af Hafnarfjarðarvegi.

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Hafnarfjarðar hafa leitað liðsinnis alþingsmanna kjördæmisins varðandi fjármögnun þessara framkvæmda og er tillaga þessi flutt þar að lútandi í framhaldi af samþykkt vegáætlunar. Erindi bæjarstjóra Garðabæjar og Hafnarfjarðar er birt sem fylgiskjal ásamt öðrum þeim skjölum, sem erindinu fylgdu, og skýra þau málið nánar.

Fylgiskjal I.

Til þingmanna,
Reykjaneskjördæmis.

Hafnarfirði, 28. mars 1980.

Hjálagt sendast yður samþykktir bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar um vegamál frá 27. 03. '80, áskorun um útvegum fjármagns til framkvæmda við þjóðvegi um Garðabæ ásamt afritum af bréfum til samgöngu- og fjármálaráðherra um sama efni. Það eru ákveðin tilmæli undirritaðra til yðar að mál þetta fái nauðsynlega umfjöllun á Alþingi hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson,
bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri í Garðabæ.

Fylgiskjal II.

Til þingmanna
Reykjaneskjördæmis.

Hafnarfirði, 28. mars 1980.

Efni: Auknar fjárveitingar til Hafnarfjarðarvegum um Garðabæ.

Í framhaldi af samþykktum bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar um vegamál í Garðabæ skorum við undirritaðir á þingmenn Reykjaneskjördæmis að beita sér fyrir auknum fjárveitingum til framkvæmda við Hafnarfjarðarveg um Garðabæ, svo ljúka megi þeim á árinu 1981.

Sýnilegt er að með fyrirliggjandi fjárveitingu í gildandi vegáætlun verður ekki unnt að ljúka framkvæmdum fyrr en eftir 3—4 ár, en miðað við það ástand, sem ríkir í umferðarmálum á svæðinu, er það með öllu óviðunandi.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson,
bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri í Garðabæ.

Fylgiskjal III.

Garðabær
Bæjarstjórnin

Til þingmanna
Reykjaneskjördæmis.

Garðabæ, 28. mars 1980.

Efni: Fjármagn til framkvæmda við Reykjanesbraut.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 27-03-1980 var samþykkt eftirfarandi áskorun til þingmanna Reykjaneskjördæmis:

„Bæjarstjórn Garðabæjar skorar á þingmenn Reykjaneskjördæmis að tryggja fjármagn til að hægt verði að hefja framkvæmdir við lagningu Reykjanesbrautar á árinu 1980. Ljóst er að framkvæmd þessi er ekki á vegáætlun, því er þörf sérstakra ráðstafana til að fjármagna verkið.

Bæjarstjórn óskar því eftir að þingmenn kjördæmisins beiti sér fyrir, að Alþingi veiti aukafjárveitingu til þessa verks eða heimild til lántöku. Stefnt verði að því, að verkinu verði lokið á 2 árum.“

Athygli er vakin á því, að ekki fæst viðunandi lausn á samgöngumálum á svæðinu fyrr en lagningu Reykjanesbrautar er lokið.

Virðingarfyllt,

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri.

Fylgiskjal IV.

Garðabær
Bæjarstjórnin

Samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar um vegamál frá 27. 03. 1980.

Bæjarstjórn Garða samþykkir þá verktilhögun við gerð þjóðvega í Garðabæ, sem lögð er til í bréfi vegamálastjóra frá 4. mars 1980, þó þannig:

1. Gerð Gatnamótamannvirkja á Arnarneshæð og lagður verði 1. áfangi Sjávarbrautar að Vífilsstaðavegi, ásamt neðri hluta Vífilsstaðavegar í samræmi við aðalskipulagstillögu fyrir Garðabæ. Mælt er til þess, að tenging Sjávarbrautar við Vífilsstaðaveg verði sem næst því, sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagstillögunni.
2. Umferðarljós verði sett á gatnamót Hafnarfjarðarveggar og Vífilsstaðavegar. Endurbýggð verði brú yfir Hraunholtslæk. Aðeins verði um minni háttar lagfæringar að ræða á Hafnarfjarðarvegi sunnan Vífilsstaðavegar að Lyngás/Lækjarfit. Ekki verði gengið á lóðir, sem liggja að núverandi vegstæði. Endurbætur þessar miði fyrst og fremst að því að auka öryggi vegfarenda, akandi og gangandi, og að greiða fyrir umferð að og frá áðurnefndum umferðarljósum.
3. Reykjanesbraut verði lögð í einum áfanga frá Kaplakrika að Arnarnesvegi. Arnarnesvegur verði lagður að Reykjanesbraut.
4. Reykjanesbraut verði lögð frá Arnarnesvegi í Breiðholt.
5. Bæjarstjórnin leggur áherslu á að byrjað verði á lagningu Reykjanesbrautar á þessu ári, til þess að sem allra fyrst fái lausn á samgöngumálum svæðisins.

Staðfest með 7 atkvæðum.

Fylgiskjal V.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Bæjarstjóri Garðabæjar,
Sveinatungu v/Vífilsstaðaveg,
210 Garðabæ.

1980 03 04.

Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa frá bæjarstjórnnum Garðabæjar og Hafnarfjarðar sendum vér yður hér með til umsagnar eftirfarandi teikningar:

1. Hugmynd að framtíðar aðalvegakerfi í og milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.
2. Hugmynd að mögulegri áfangaskiptingu nauðsynlegustu framkvæmda við aðalvegakerfi þetta.

Framkvæmdir þessar eru eftirfarandi:

Gerð gatnamótamannvirkja í Arnarneshæð. Fyrsti áfangi „Sjávarbrautar“, tvær akreinar með bráðabirgðatengingu við Vífilsstaðaveg (gert er ráð fyrir að núverandi Hafnarfjarðarvegur haldi sér til bráðabirgða meðfram Silfurtúni). Breyting á Vífilsstaðavegi við Hafnarfjarðarveg. Endurbætur og breikkun (í fjórar akreinar) Hafnarfjarðarvegur frá Vífilsstaðavegi í Engidal, ásamt lagfæringu gatnamóta í Engidal og við Lyngás/Lækjarfit. Gerð tveggja akreina Reykjanesbrautar frá Breiðholtsbraut til Hafnarfjarðar ásamt breytingum sem við það verða nauðsynlegar á Vífilsstaðavegi og núverandi Reykjanesbraut. Gerð tveggja akreina Arnarnesvegar frá Bæjarbraut að Reykjanesbraut.

Það er skoðun okkar að hraða þurfi öllum framantöldum framkvæmdum svo sem kostur er. Líklegt er að í beinu framhaldi af áður nefndum framkvæmdum þurfi að ráðast í gerð gatnamótamannvirkja á Reykjanesbraut við Breiðholtsbraut, en síðari framkvæmdir yrðu m. a. framhald „Sjávarbrautar“, gerð gatnamótamannvirkja í Engidal og breikkun Reykjanesbrautar.

Við væntum umsagnar yðar og bæjarstjórnar Garðabæjar um framangreindar hugmyndir við fyrstu hentugleika.

Virðingarfyllt,

Snæbjörn Jónasson,
vegamálastjóri.

Fylgiskjal VI.

Samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um Hafnarfjarðarveg frá 27. mars 1980.

Með bréfi, dags. 4. mars 1980, hefur Vegagerð ríkisins óskað eftir umsögn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um tvær teikningar, sem sýna annars vegar framtíðarvegakerfi í og á milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar, hér eftir nefnt kort I, og hins vegar mögulega áfangaskiptingu nauðsynlegustu framkvæmda við vegakerfi þetta, hér eftir nefnt kort II.

Enn fremur hafa verið kynntar tvær tillögur um úrbætur á Hafnarfjarðarvegi sem Vegagerð ríkisins sendi til umsagnar bæjarstjórnar Garðabæjar í nóvember s.l. Önnur tillagan gerir ráð fyrir því, að núverandi vegur verði breikkaður í fjórar akreinar, en hin miðar að því að færa veginn nær sjónum, fara yfir Hraunsholtið og inn í Engidal.

Af þessu tilefni samþykkir bæjarstjórnin eftirfarandi, sem umsögn um hugmyndir þessar:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar telur að tillögurnar frá því í nóvember 1979 séu hvor um sig æskileg sem framtíðarlausn á umferð á þessu svæði í stað núverandi

vegar. Bæjarstjórn telur að leiðin vestan Hraunsholts og inn í Engidal hafi þá kosti, að þar er ekki gert ráð fyrir umferðarljósum og gatnamótum. Hins vegar er þessi leið aðeins lengri en gamla Hafnarfjarðarvegurinn.

Nauðsynlegt er að síðar komi einnig nýr vegur af Breiðholtsbraut í Reykjavík á Reykjanesbraut.

Ef ekki reynist unnt að ná samkomulagi um framkvæmdir á grundvelli nefndra tillagna vegamálastjóra frá því í nóvember s.l., þá samþykkir bæjarstjórnin fyrir sitt leyti, sem máламиðlun, að legu annarrar akbrautar Hafnarfjarðarvegur verði breytt á kaflanum frá Vífilsstaðavegi að Arnarneslæk, eins og sýnt er á korti II frá mars 1980 um mögulega áfangaskiptingu og kaflinn frá Engidal að Vífilsstaðavegi verði gerður skv. fyllstu gæðakröfum, sem gerðar eru til vega með svipaðan umferðarþunga, eins og skýrt er í bréfi Vegagerðarinnar frá 18. mars s.l., enda komi ekki til þess að leið þessari verði breytt eða núverandi vegi frá Vífilsstaðavegi að Arnarneslæk verði lokað, nema að áður fengnu samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Samþykktin er gerð með því skilyrði, að þannig verði frá málum gengið að framkvæmd allra áfanga verði tryggð.

Enn fremur getur bæjarstjórnin samþykkt legu tengibrautar fyrir Hafnarfjörð af fyrirhugaðri Reykjanesbraut á núverandi Reykjanesbraut við Kaplakrika, en ítrekar fyrri samþykktir um framtíðarlegu Reykjanesbrautar ofan Setbergs og Ásfjalls.

Þá er áskilið að haft verði fullt samráð við bæjarstjórnina um hönnun gatnamóta við Engidal og tengibrautar við Kaplakrika.

Bæjarstjórnin telur hagkvæmast vegna öryggis akandi og gangandi vegfarenda að hefjast fyrst handa við framkvæmdir á leiðinni í gegnum byggðina í Garðabæ, þ.e. sem sýnt er grannt á korti II. Síðan verði ráðist í framkvæmdir á svæðinu frá Vífilsstaðavegi að Akranesi og að þeim loknum verði lagður vegur af Breiðholtsbraut á Reykjanesbraut.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar getur ekki fallist á hugmyndir að framtíðarvegakerfi í og milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar, sem sýndar eru á korti I frá mars 1980. Bæjarstjórn telur að hugmyndir þessar að framtíðarvegakerfi þurfi endurskoðunar við í ýmsum atriðum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur áherslu á, að það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál Hafnarfjarðar og Garðabæjar að ekki dragist lengur að fá niðurstöðu um framtíðarlausn á umferðarleiðum á þessu svæði, sem tryggi greiða og örugga umferð til Hafnarfjarðar með sem minnstri truflun af umferð í og úr Garðabæ og fyrir íbúa Garðabæjar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar undirstrikar að af hennar hálfu er það ófrávikjanlegt, að í slíkri framtíðarlausn tengist Hafnarfjarðarvegur inn á Reykjavíkurveg og Reykjanesbraut við Engidal.

Að lokum leggur bæjarstjórn Hafnarfjarðar þunga áherslu á nauðsyn þess, að vegaf framkvæmdir hefjist þegar í stað.

Fylgiskjal VII.

Hr. fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds,
Arnarhvali,
101 Reykjavík.

Garðabæ, 28. mars 1980.

Efni: Fjármagn til framkvæmda við Reykjanesbraut.

Hjálagt sendast yður samþykktir bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar frá 27. 03. 1980 ásamt áskorun til þingmanna Reykjaneskjördæmis um útvegum fjármagns til lagningar Reykjanesbrautar. Þar sem ljóst er, að Reykjanesbraut er

einn veigamesti þátturinn í lausn vegamála á svæðinu, eru það ákveðin tilmæli undirritaðra til yðar, herra fjármálaráðherra, að þér beitið yður fyrir því, að byrjunarframkvæmdir við lagningu Reykjanesbrautar verði fjármagnaðar af lánsfjár-
ætlun fyrir árið 1980.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson,
bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri í Garðabæ.

Fylgiskjal VIII.

Hr. samgönguráðherra
Steingrímur Hermannsson,
Arnarhváli,
101 Reykjavík.

Hafnarfirði, 28/3 1980.

Efni: Auknar fjárveitingar til Hafnarfjarðarveggar um Garðabæ.

Hjálagt sendast yður samþykktir bæjarstjórnar Garðabæjar og Hafnarfjarðar frá 27/3 1980, ásamt áskorun til þingmanna Reykjaneskjördæmis um útvegum aukiinna fjárveitinga til Hafnarfjarðarveggar.

Sýnilegt er að það muni taka Vegagerð ríkisins 3—4 ár að ljúka framkvæmdum á Hafnarfjarðarvegi um Garðabæ með fyrirbyggjandi fjárveitingum.

Þess vegna eru það ákveðin tilmæli undirritaðra, að fjárveitingar til ofanefndra mannvirkja verði auknar svo á árinu 1981 að unnt verði að ljúka framkvæmdum á því ári.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson,
bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri Garðabæjar.